

Þriðji fundur minjaráðs Suðurnesja var haldinn miðvikudaginn 18. maí 2016 í Ramma, húsnæði Byggðasafns Reykjanesbæjar.

Fundinn sátu: Eydís Mary Jónsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Helga Ragnarsdóttir, Kristinn Magnússon og Sigrún Ásta Jónsdóttir.

Eysteinn Eyjólfsson og Eggert S. Jónsson boðuðu forföll.

1. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. Kristinn greindi frá því að Minjastofnun Íslands fékk styrk úr sjóðnum til að setja upp skilti á Selatöngum. Unnið er að gerð skiltisins og stefnt að því að setja það upp síðsumars eða í haust.

2. Verndarsvæði í byggð. Nýlega var samþykkt deiliskipulag fyrir „Gamla bæinn“ í Grindavík. Skipulagið gerir ráð fyrir nýjum götum og nokkrum húsum austast í Gamla bænum. Sögu- og minjafélag Grindavíkur hefur haft samband við Minjastofnun Íslands og viðráð þá hugmynd að Gamli bærinn verði gerður að verndarsvæði í byggð. Minjastofnun Íslands hefur málið til skoðunar. Ekki hefur verið gefin út reglugerð með lögum um verndarsvæði í byggð (nr. 87/2015) og enn er nokkur óvissa um verkferla og úthlutun úr sjóði sem tengist lögunum. Meginhugsun laganna er þó sú að sveitarfélög geri tillögu til ráðherra um hvort byggð innan viðkomandi sveitarfélags verði gerð að verndarsvæði í byggð.

Rætt var um önnur svæði á Suðurnesjum sem hugsanlega mætti skilgreina sem verndarsvæði í byggð og voru þar m.a. nefndir elstu bæjarkjarnarnir í Garði og á Vatnsleysuströnd.

3. Sameiginlegur fundur minjaráða haustið 2016. Fyrirhugaður er sameiginlegur fundur allra átta minjaráðanna á landinu í september. Upplýsingar um fundarstað, dagsetningu og dagskrá fundarins verður send út með góðum fyrirvara. Vakin var athygli á að farskóli safnamanna verður dagana 14.- 16. september og að margir minjaráðsfulltrúar sækja hann.

4. Starfslýsing Minjaráða. Starfsmenn Minjastofnunar Íslands hafa tekið saman skjal þar sem reynt er að lýsa aðkomu minjaráða að minjavörslu í landinu og skilgreina helstu verkefni minjaráðanna. Skjalið er enn í vinnslu. Skjalinu var dreift á fundinum og farið yfir það lið fyrir lið. Góðar umræður urðu um ýmislegt sem þar kemur fram. Mikilvægt er að minjaráðsfulltrúar kynni sér skjalið vel og komi ábendingum og athugasemdum á framfæri við Minjastofnun áður en gengið verður frá skjalinu.

5. Fundatími. Erfitt hefur reynst að finna fundartíma fyrir minjaráðið þannig að allir getir sótt fundina. Allmennt er það vilji fulltrúa í ráðinu að fundirnir séu haldnir á venjulegum vinnutíma og að fundarstaðurinn sé á Suðurnesjum. Þessi tilhögun útilokar Eysteinn Eyjólfsson frá þátttöku í fundunum þar sem hann vinnur í Reykjavík og kemst ekki á þeim tíma til funda á Suðurnesjum. Flestir fundarmanna töldu mikil vankvæði á að hafa fundina utan venjulegs vinnutíma. Rætt var um möguleika á að halda einhverja fundi í Reykjavík og voru allir sammála um að það væri gerlegt ef fundartími verður ákveðinn með góðum fyrirvara. Eins mánaðar fyrirvari var nefndur. Þá kom einnig fram sú hugmynd að Eysteinn tengdist fundum sem haldnir eru á Suðurnesjum í gegnum Skype.

Almennt er stefnt að því að fundir minjaráða séu tveir á hverju ári, að vori (apríl/maí) og hausti (september/október). Fram kom að erfitt getur verið að vinna að framkvæmd hugmynda sem upp koma innan ráðsins þegar svo langt er milli funda og að æskilegt er að fjölga fundum yfir vetrarmánuðina, hafa t.d. tvo fundi á þeim tíma.

KM